



Skipulagsnefnd –24.10.2016

31. fundur

24. október 2016 kl. 13:00-14:50

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Guðrún Brynleifsdóttir varaform. og ritari

Birgir Steingrímsson

Karl Emil Sveinsson (varamaður)

Hólmgeir Hallgrímsson (varamaður)

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri.

Bjarni Reykjalín skipulags- og
byggingarfulltrúi í símasambandi.

Auk nefndarmanna og starfsmanna sátu fundinn

Jón Jónsson, hrl. frá Sók lögmennsstofu og

Yngvi Ragnar Kristjánsson, oddviti.

Dagskrá:

1. *Kröflulína 4. Umsókn um framkvæmdaleyfi.*

1. **Kröflulína 4. Umsókn um framkvæmdaleyfi.**
S20160401

Tekið fyrir að nýju erindi dags 18. mars 2016 frá Guðmundi Inga Ásmundssyni forstjóra, f.h. Landsnets þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4, 220 kV háspennulínu, sbr. einnig staðfestingu Landsnets á fundi með fulltrúum Skútustaðahrepp, dags. 11. október

BS
GO

2016, um að framkvæmdaleyfisumsókn skuli tekin til málsmeðferðar að nýju, eftir að úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 10. október 2016, í máli nr. 46/2016, felldi ákvörðun sveitarstjórnar, dags. 20. apríl 2016, úr gildi.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 fyrir framkvæmdinni Kröflulína 4, 220 kV háspennulína. Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar fyrirbyggjandi og meðfylgjandi. Sótt er um framkvæmdina á grundvelli Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gert er ráð fyrir háspennulínum, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2000. Í aðalskipulagi nágrannasveitarfélagsins, Þingeyjarsveitar, er einnig gert ráð fyrir framkvæmdinni.

Meðfylgjandi eru gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar, sbr. sérstaklega 2. og 3. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2000. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, dags. mars 2016, sem er aðalþáttur gagnanna er tekin saman af verkfræðistofunni Mannviti f.h. Landsnets hf. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni, þ.m.t. 6. kafla lýsingarinnar þar sem fjallað er um mótvægisáðgerðir og skilyrði sem Skipulagsstofnun telur að setja þurfi við leyfisveitingu framkvæmdarinnar, sbr. mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Lýsingin, þ.m.t. hvernig mætt skuli skilyrðum Skipulagsstofnunar, eru þannig hluti umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi.

Við málsmeðferð framkvæmdaleyfisumsóknar í október, hafa komið fram fleiri gögn, en þau eru helst:

- Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, í máli nr. 46/2016, dags. 10. október 2016.
- Skýrslan Athugun á jarðstreng sem kost í 220 kV Kröflulínu, dags. maí 2016, unnin af Eflu verkfræðistofu fyrir Landsnet.
- Rýni á skýrslunni, unnin af Lotu, dags. 29.6.2016, Orkustofnun, dags. 6. júlí 2016 og Alta, dags. 6. júlí 2016.
- Umsögn náttúrverndarnefndar Þingeyinga, dags. 17. október 2016.
- Skýrslan Umhverfisáhrif jarðstrengs innan Skútustaðahrepps, unnin af Eflu á vegum Landsnets, dags. 20.10.2016.
- Rýni á skýrslunni unnin af Lotu dags. 24.10.2016 og Alta, dags. 24.10.2016.
- Ákvörðun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 14. október 2016, um eignarnám vegna eignarhluta í óskiptu landi Reykjahlíðar.
- Erindi Landnets, dags. 21. október 2016.

Bókun Skipulagsnefndar:

Skipulagsnefnd telur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, sbr. einnig svæðisskipulag fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslu 2007-2025.

Þá er framkvæmdin í samræmi við deiliskipulagið Stækkun Kröfluvirkjunar, staðfest 14.11.2013, en hluti framkvæmdar er innan þess svæðis. Hluti greinargerðar deiliskipulagsins er sérstök bókun varðandi tengsl eignarréttarlegra heimilda og framkvæmdaleyfisveitinga til Landsvirkjunar vegna samnings eigenda lands Reykjahlíðar og íslenska ríkisins frá 1971, sem Landsvirkjun hefur nú rétt til og fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 560/2009. Umrædd bókun varðar ekki umsóttu framkvæmd Landsnets. Óháð þessu, liggur fyrir eignarnámsákvörðun iðnaðarráðuneytisins, dags. 14.10.2016, vegna eignarhluta í óskiptu landi Reykjahlíðar, sem veitir framkvæmdaaðila eignarréttarlega heimild til framkvæmdasvæðis, til viðbótar við samninga um slíkar heimildir.

Í tilefni af umsögn náttúrverndarnefndar Þingeyinga dags. 17. október 2016, þar sem vakin athygli á legu framkvæmdar á hverfisverndarsvæði vestan Kröflu, þ.e. við Þríhyrninga, sbr. aðalskipulag er vísað til þess að aðalskipulagið gerir ráð fyrir legu framkvæmdarinnar um svæðið. Aðalskipulag Skútustaðahrepps vísar til Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum um nánari skilmála hverfisverndar. Í svæðisskipulaginu er m.a. sérstakt ákvæði um hverfisverndarsvæðið HK5, Þríhyrningar, sem gerir ráð fyrir að fyrir flutningslínur raforku liggja yfir hluta svæðisins. Sömu ákvæði eru tekin upp í deiliskipulagi fyrir Stækkun Kröfluvirkjunar.

Skipulagsnefnd hefur kynnt sér matsskýrslu framkvæmdar og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar: Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Einnig hefur komið til skoðunar álit Skipulagsstofnunar vegna sameiginlegs mats, álvers á Bakka, háspennulína, virkjana í Kröflu og á Þeistareykjum, en framkvæmd samkvæmt fyrirliggjandi umsókn er ekki gerð í tengslum við álver á Bakka.

Við samanburð á framkvæmd sem fyrirliggjandi umsókn lýsir og matsskýrslu vegna framkvæmdarinnar Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi, er sýnt að framkvæmdin varðar einungis hluta þeirrar framkvæmdar, þ.e. Kröflulínu 4 sem liggur frá Kröflu að Þeistareykjum. Framkvæmdin er hluti umhverfismetinnar framkvæmdar, ekki eðlislega frábrugðinn heildarframkvæmdinni (matið varðar Kröflulínu 4 og 5) og ekki önnur framkvæmd en umhverfismat varðar.

Samkvæmt úrskurði UUA, er annmarki á áliti Skipulagsstofnunar þar sem í álitinu var ekki vikið að framlögðum kosti Landsnets um lagningu línu í jarðstreng. Jafnframt er gerð athugasemd við að kynning framkvæmdaraðila á kostinum hafi verið takmörkuð. Í úrskurðinum kemur fram að annarmarkar á áliti Skipulagsstofnunar séu ekki svo verulegir að á álitinu verði ekki byggt.

Nefndin telur að annmarki á álitinu hafi takmarkaða þýðingu við afgreiðslu fyrirliggjandi framkvæmdaleyfisumsóknar og jarðstrengur hafi ekki verið raunverulegur valkostur framkvæmdarinnar. Umsótt framkvæmd varðar háspennulínur í lofti og samræmist það skipulagsáætlunum, sem m.a. hafa verið umhverfismetnar. Þá skiptir máli að um þá tegund

FB
BS

framkvæmda sem umsókn varðar gilda sérlög sem fjalla um stöðu jarðstrengja sem valkosts og stöðu skipulagsláætlna. Í 9. gr. c. í raforkulögum nr. 65/2003 er m.a. kveðið á um að sveitarstjórnnum beri að tryggja að skipulagsákvæðanir hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Í 9. gr. a. er lagagrundvöllur fyrir kerfisáætlun þar sem gert er ráð fyrir umsóttri framkvæmd. Kerfisáætlun hvílir jafnframt á þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, frá 28.5.2015, þar sem m.a. koma fram viðmið um hvenær jarðstrengir koma til álita. Þýðing annmarka á álitum Skipulagsstofnunar verður að skoða út frá því hvort hann geti haft áhrif á efnislega niðurstöðu málsins. Slíkt er vandséð þegar bein afleiðing þess er þörf á nýjum skipulagsákvörðunum og þar af leiðandi að sveitarfélag tryggir ekki að skipulagsákvæðanir hindri framgang framkvæmdar á framkvæmdaáætlun Kerfisáætlunar. Við málsmeðferð framkvæmdaleyfisumsóknar eru markmið skipulagslaga grundvöllur að ákvarðanatöku.

Við málsmeðferð umsóknarinnar hefur á grundvelli 10. gr. stjórnarsýslulaga verið aflað gagna til að tryggja enn frekar að ákvörðun verði byggð á fullnægjandi grundvelli. Fyrir liggur skýrslan; Athugun á jarðstreng sem kosti í 220 kV Kröflulínu 4. Þá var óskað eftir viðbótargöngum frá Landsneti, sbr. skýrslu um umhverfisáhrif jarðstrengs sem valkosts framkvæmdarinnar. Skýrslurnar hafa verið nýndar.

Fyrirliggjandi gögn lýsa m.a. umhverfisáhrifum jarðstrengs sem lagður væri um Leirhnjúkshraun. Í skýrslunni eru áhrif jarðstrengs m.a. á landslag og ásýnd og jarðmyndanir talin talsvert neikvæð. Á álitum Skipulagsstofnunar er vísað til þess að háspennulínur hafi talsvert neikvæð og varanleg áhrif á hraunið. Hluti Leirhnjúkshrauns er skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi og hefur hluta þess verið raskað áður. Lagning jarðstrengs virðist fela í sér meiri óafturkræf umhverfisáhrif á jarðmyndanir en lagning háspennulína, m.a. vegna fleygunar og meiri þarfar á efnisflutningum, en sá þáttur umhverfisáhrifa varðar mest um verndargildi eldhrauna. Sjónræn áhrif jarðstrengs og háspennulína eru mismunandi, þar sem lagning jarðstrengs raskar samfelldara og breiðara svæði, en loftlínur eru sýnilegri úr meiri fjarlægð.

Skipulagsnefnd telur að þrátt fyrir almennan áhuga sveitarstjórnar á að jarðstrengir verði notaðar við raforkuflutning, að ný gögn málsins lýsi enn frekar að lagning jarðstrengs á hluta línuleiðar sé ekki vænlegur kostur. Lagning jarðstrengs tryggir ekki afhendingaröryggi raforku með sama hætti og háspennulínur á þessu svæði. Lagning jarðstrengs á hluta leiðar, s.s. um Leirhnjúkshraun, fellur ekki að stefnu stjórnvalda um hvenær lagður skuli jarðstrengur frekar en loftlína, en kostnaður við jarðstreng er meira en tvisvar sinnum kostnaður við loftlínu. Þá verður einnig litið til annarra upplýsinga um rafmagnsverkfræðilega þætti, svo sem að meiri möguleikar eru á því að auka flutningsgetu loftlína en jarðstrengs. Loftlína dregur því úr þörf á uppbyggingu raforkuflutningsmannvirkja í framtíðinni innan Skútustaðahrepps.

Skipulagsnefnd tekur undir þá niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar að umsótt framkvæmd muni hafa talsvert neikvæð og varanleg áhrif á Leirhnjúkshraun. Leiðarval flutningsmannvirkja á raforku var til umfjöllunar við gerð Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslu 2007-2025. Skipulagsáætlunin var umhverfismetin. Við slíkt mat vegna áhrifa flutningsmannvirkja raforku getur falist meiri nákvæmni en þegar umhverfismat áætlana varðar landnotkun eða tegund framkvæmda sem ekki eru eins þekktar á áætlanastigi. Umhverfismat framkvæmdar felur þó í sér meiri nákvæmni en mat á áætlunum. Val á lagnaleið Kröflulínu 4 samkvæmt aðalskipulagi og umsóttri framkvæmd er að rekja til umfjöllunar um kostinn C1 í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslu, sem m.a. var

GB
135

valinn vegna minni sjónrænna áhrifa frá byggð og möguleika á að svæðið sunnan Hlíðarfjalls verði laust við flutningslínur í framtíðinni. Jafnframt verður litið til verndaráætlunar Mývatns og Laxár 2011-2016 um verndargildi svæða á mögulegum línuleiðum. Bent er á þá augljósu staðreynd að vegna jarðfræðilegra staðhátta verður flutningskerfi raforku ekki lagt norður frá Kröflu án þess að hróflað verði við svæðum sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þannig var m.a. hafnað lagnaleið í meiri nálægð við Gjástykki. Þá fela aðrir kostir um lagnaleið en hin umsótt framkvæmd í sér lengri leið flutningsmannvirkja raforku, með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Afstaða skipulagsnefndar til gagna um umhverfisáhrif framkvæmdar hvílir jafnframt á því að umhverfismat svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum gerði ráð fyrir neikvæð umhverfisáhrifum vegna lagningar háspennulína. Umhverfismat framkvæmdar lýsir þeim áhrifum nákvæmar, en ekki er um ræða óvænt eða verulega frávik frá þeim áhrifum sem skipulagsáætlanir sveitarfélagsins hvíla á.

Ítarlega málsmeðferð á sviði skipulags- og umhverfismála síðastliðinn áratug hefur dregið fram fjölmörg sjónarmið um fyrirkomulag flutningsmannvirkja á raforku vegna framkvæmdarinnar. Slíkt hefur styrkt grundvöll málsmeðferðar um framkvæmdaleyfisumsókn, en ekki veikt hann. Fjallað hefur verið um valkosti og útfærslu framkvæmda við umhverfismat áætlana og síðar umhverfismat framkvæmdar með nákvæmari hætti, auk umfjöllunar í gögnum sem aflað hefur verið á grundvelli rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga. Skipulagsnefnd telur skilyrði til þess að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umsótt framkvæmd.

Með vísan til 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga er gætt að því að fylgt sé ákvæðum náttúruverndarlaga. Umsótt framkvæmd hefur verið umhverfismetin og ekki er óvissa um áhrif framkvæmdar. Framkvæmd fer um svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þ.e. Leirhnjúkshraun og Neðra Bóndhólshraun. Við málsmeðferð skipulagsákvæðana hefur verið leitað umsagna Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 68. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna stækkunar Kröfluvirkjunar. Vegna málsmeðferðar sveitarfélagsins var óskað eftir umsögn náttúruverndarnefndar Þingeyinga.

Skipulagsnefnd vísar til þess að málsmeðferð samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga varðar framkvæmdaleyfisumsóknir, óháð því hvort mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Umrædd framkvæmd hefur fengið ítarlega málsmeðferð við umhverfismat áætlana og umhverfismat framkvæmdar. Sú vinna hefur að álit skipulagsnefndar hvílt á því markmiði að forðast rask á eldhraunum, þó í því ljósi að slíkt rask sé nauðsynlegt vegna markmiða að baki framkvæmd og jarðfræðilegum staðhátum í Skútustaðahreppi. Það er álit Skipulagsnefndar að sú málsmeðferð sem farið hefur fram við undirbúning framkvæmdarinnar hafi leitt fram það rask á eldhraunum sem brýn nauðsyn ber til í ljósi markmiða framkvæmdar. Vegna gagna um umhverfisáhrif jarðstrengja er m.a. vísað til lýsingar á óafturkræfum umhverfisáhrif jarðstrengs í hraunum sem hafa áhrif á skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum eldhrauna.

Fyrir liggur samningur Landsnets og Umhverfisstofnunar um sérstakt eftirlit Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda við Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu 4, sem hefur það markmið að tryggja frágang einstakra verka og verkþátta m.t.t. náttúruverndarlaga. Í umsóttri framkvæmd er m.a. fjallað um vöktunaráætlun vegna áflugs fugla. Í ofangreindum samningi er vikið að hlutverki Umhverfisstofnunar vegna samskipta við vöktunaraðila. Í ljósi þessa og

A.B.
PS

nánari umfjöllunar í erindi Landsnets, dags. 21.10.2016, er lýsing á fyrirkomulagi vöktunar áflugs nægjanleg við afgreiðslu framkvæmdaleyfisumsóknar.

Vegna umsagnar náttúruverndarnefndar er lagt til að áréttað verði í framkvæmdaleyfi sem sérstakt skilyrði framkvæmdar, ákvæði deiliskipulags vegna stækkunar Kröfluvirkjunar og svæðisskipulags vegna hverfisverndarsvæðisins HK 5, Þrihyrningar. Við mannvirkjagerð skal leitast við að viðhalda einkennum svæðisins og skal gætt fyllstu varúðar við allar framkvæmdir. Kynna skal Skipulagsfulltrúa framkvæmdir á hverfisverndarsvæðinu áður en þær hefjast. Auk þessa verði skilyrði sem koma fram í álit Skipulagsstofnunar og varða framkvæmdina innan Skútustaðahrepps sérstaklega talin upp.

Skipulagsnefnd vísar til stefnu Skútustaðahrepps sem mörkuð var með svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Með orkunýtingu á Þeistareykjasvæði skapast nauðsyn á raforkuflutningsmannvirkjum þangað, norður frá Kröflu. Sú stefna tengist jafnframt uppbyggingu í Þingeyjarsýslum með framkvæmdum á Bakka. Undirbúningur þessara uppbyggingar hefur staðið yfir í áratug á grunni lögbundinnar málsferðar samkvæmt skipulags- og umhverfislöggjöf. Umsótt framkvæmd er í beinum tengslum við uppbyggingu á Bakka. Þá er einnig litið til þess að framkvæmdin er hluti af uppbyggingu flutningskerfis raforku og hefur þýðingu við að bæta afhendingaröryggi raforku á landsvísu. Verulegir fjárhagslegir og samfélagslegir hagsmunir mæla með framkvæmdinni og að ekki verði ófyrirséðar tafir á henni.

Lagaskilyrði eru til útgáfu umsótt framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að umsókn Landsnets vegna Kröflulínu 4 verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og að auglýsa framkvæmdaleyfið.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið.

Þingeyja-Sveitarstjórn
Guðrún Þorvaldsdóttir

Selma D. Amundsdóttir

Forseti

Hönnuð: G. Þ. Þorvaldsdóttir